Nd. **848. Frumvarp til laga** [253. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 846 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.